



Reykjavík, 3. október 2018  
SFS2018010109  
145. fundur  
HG/img

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

***Efni: Innleiðing tillagna úr skýrslu starfshóps um endurskoðun, þróun og breytingar á dagforeldraþjónustu Reykjavíkurborgar.***

Á 141. fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 27. júní 2018 var lögð fram skýrslan Endurskoðun, þróun og breytingar á dagforeldraþjónustu Reykjavíkurborgar, dags. í maí 2018. Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs var falið að vinna áætlun um innleiðingu tillagna úr skýrslu starfshóps um endurskoðun, þróun og breytingar á dagforeldraþjónustu Reykjavíkurborgar.

Starfshópurinn lagði fram 11 tillögur í skýrslu sinni og meðfylgjandi er áætlun um innleiðingu 9 þeirra, að hluta eða öllu leyti.

Þetta eru tillögurnar:

1. Húsnæði vegna daggæslu í heimahúsum
2. Hækkun á niðurgreiðslum til dagforeldra
3. Stofnstyrkur
4. Námsstyrkir og aukinn faglegur stuðningur við dagforeldra
5. Ríkari upplýsingagjöf um þjónustu dagforeldra
6. Námsfni fyrir verðandi dagforeldra af erlendum uppruna
7. Ytra mat á daggæslu og öryggismál
8. Ráðgjöf og eftirlitsheimsóknir
9. Fyrirvaralaus uppsögn

Kostnaður við innleiðingu er 60,9 m.kr. á ársgrundvelli, auk óskilgreinds kostnaðar við tillögu 1.